

Fíkniefnaleitir í framhaldsskólum

Stjórn Heimdallar furðar sig á þeirri mynd sem forvarnastarf í framhaldsskólum er að taka á sig, en einn til tveir framhaldsskólar biðja lögreglu um að gera allsherjar fíkniefnaleit á nemendum á hverju ári. Um þúsund nemendur Tækniskólans urðu þannig fyrir barðinu á þessari nýju forvarnaaðferð í síðustu viku þegar skólanum þeirra var fyrirvaralaust læst um hábjartan dag og lið lögreglu, tollvarða og hunda gerði leit í skólanum að ólöglegum vímuefnum.

Stjórn Heimdallar telur að gengið sé allt of langt í baráttunni við afmarkaðan vanda þegar framhaldsskólar eru farnir að minna á uppeldisstofnanir úr skáldsögunni 1984. Þegar skólayfirvöld grípa til ógnandi og yfirþyrmandi aðgerða af þessu tagi með aðstoð lögreglu bitnar það þegar upp er staðið verst á þeim nemendum sem ekkert hafa til saka unnið.

Það kom enda í ljós að hverfandi magn fíkniefna fannst í skólanum og því vert að spyrja hvort einhver grundvöllur hafi verið fyrir leitinni til að byrja með. Ef rökstuddur grunur var um fíkniefnasölu úr Tækniskólanum, líkt og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn ýjaði að í viðtali við Fréttablaðið í gær, hefði vel mátt bregðast við þeim vanda með sértækum lögregluaðgerðum án þess að allir nemendur skólans væru settir í þá óþægilegu stöðu að þurfa að sanna sakleysi sitt.

Þá stendur eftir sú fullyrðing skólayfirvalda að hér sé um öflugt forvarnatæki að ræða. En hvernig má það vera, þegar einu skilaboðin sem eftir standa eru þau að ungmenni sem flækst hafa í fíkniefnaneyslu eigi ekki að hætta sér nærri skólanum sínum? Stjórn Heimdallar telur öðru nær heppilegra að skapa aðstæður fyrir ungt fólk í fíkniefnaneyslu að sækja skóla og stunda nám, og höfða til skynsemi og ábyrgðartilfinningar framhaldsskólanema - líkt og heilbrigt forvarnastarf á að gera.